

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR

Loðdýrabú

Ásgerði II, Hrunamannahreppi

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Starfsleyfisskilyrðin ná yfir öll loðdýrabú, s.s. kanínubú, minkabú og refabú.	550/2018 5. gr.	
1.2	Rekstraraðili skal taka upp innra eftirlit þar sem jafnóðum eru skráðir eftirfarandi þættir starfseminnar: <ul style="list-style-type: none"> a) Fjöldi loðdýra (læður, ungar og högnar). b) Fjöldi sláturdýra og sjálf dauðra dýra. c) Fjöldi strokudýra. d) Tæming þróa, dagsetning losunar og áætlað magn skíts. e) Förgun úrgangs sem til fellur og áætlað magns úrgangs, þ.m.t. hræ og lyfjaleifar. f) Mengunarslys sem kunna að verða, s.s. ef þró yfirfyllist. g) Skráning á frávikum og viðbrögðum með þeim. Innra eftirlit og skráningar skulu vera aðgengilegar heilbrigðisfulltrúum.	550/2018 8. og 57. gr.	
1.3	Lyf, lyfjaleifar og hættuleg og varasöm efni skulu geymd í læstri og loftræstri geymslu. Lyfjaleifum og spilliefnum skal jafnóðum komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.	888/2015, lög nr. 61/2013, rgl. nr. 737/2003 og rgl. nr. 806/1999	
1.4	Eintak af skilyrðum þessum og viðkomandi lögum og reglum skulu ávallt tiltæk á vinnustað.	550/2018 8. gr.	
1.5	Tilkynna skal viðeigandi heilbrigðiseftirliti ef starfsemi rekstraraðila er lögð niður eða ef breytingar verða á rekstrinum.	550/2018 13. gr.	

2. MENGUNARVARNIR OG BÚNAÐUR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Nota skal lokuð og vökvaheld ílát við tímabundna geymslu dýrahæja og flutning á förgunarstað. Förgun á dýrahæjum er einungis heimil á förgunarstað sem hefur til þess starfsleyfi. Þó er heimilt að brenna sóttmenguðum dýrahæjum í þar til gerðum brennsluofnum, sem samþykktir eru af heilbrigðisnefnd.	737/2003	
2.2	Þess skal gætt að meindýr og varfugl komist ekki í æti eða fái þrifist í og við loðdýrabú.	737/2003 16. og 17. gr.	
2.3	Dýraskít, hálm og hey úr loðdýrabúum skal meðhöndla á þann hátt að ekki skapist smithætta við að nýta afurðina sem áburðarefni að mati Matvælastofnunar. Við nýtingu skal uppfylla eftirfarandi skilyrði: a) Að fyrir liggi samþykkt framkvæmdaáætlun um dreifingu þar sem m.a. kemur fram áætlað magn, dreifingartími, dreifingarstaðir og samþykki landeiganda sé rekstraraðili ekki eigandi lands. b) Að ekki sé hætta á að dreifing valdi mengun í vatnsbólum eða í yfirborðsvatni. c) Að tryggt sé að dreifing valdi ekki öðrum óþægindum eða ama s.s. vegna lyktar eða óþrifnaðar. d) Að fylgt sé þeim sértæku kröfum sem heilbrigðisnefnd setur dreifingunni s.s. er varða tímatakörk og magn á flatareiningu o.þ.h. sbr. leiðbeiningar um góða búskaparhætti sem m.a. má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Sé meðhöndlun á skít, hámi og heyi ekki nægjanleg að mati Matvælastofnunar til að koma í veg fyrir smithættu skal farga þessu á viðurkenndum urðunarstað. Sama gildir ef ekki er hægt að nýta meðhöndlaðan skít, hálm og hey samkvæmt liðum a.-d.	737/2003, rgl. nr. 796/1999, rgl. nr. 787/1999 og rgl. nr. 804/1999	
2.4	Óheimilt er að dreifa skít á stöðum þar sem hann getur mengað læki, ár, eða vatnsból.	796/1999 5. gr. og rgl. nr. 804/1999 5. gr.	
2.5	Geymslu skít frá loðdýrabúum skal þannig fyrir komið að ekki sé hætta á mengun í vatnsbólum eða í yfirborðsvatni. Þurrskít skal geyma fram að dreifingu á þann hátt að ekki sé hætta á útskolun, t.d. með yfirbreiðslu. Blautskít skal geyma í safnþró fram að dreifingu. Um gerð þróar er vísað til starfsreglna um góða búskaparhætti.	796/1999, og rgl. nr. 804/1999	

2.6	Ef yfirfall er á safnþró skal það fara í siturlögn í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar.	798/1999	
2.7	Safnþrær, fráveitur og geymslur fyrir úrgang skulu vera í samræmi við kröfur heilbrigðiseftirlits. Af loðdýrabúum getur stafað lyktarmengun. Ef í ljós kemur að loftmengun eða ólykt frá starfseminni veldur fólki á nærliggjandi landareignum óþægindum, er heilbrigðisnefnd heimilt að krefjast sérstakra aðgerða.	787/1999, rgl. nr. 737/2003 og rgl. nr. 798/1999	
2.8	Hvers konar urðun eða brennsla á úrgangi, þ.m.t. dýrahæjum, á athafnasvæði rekstraraðila er óheimil.	737/2003	

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, efnalög nr. 61/2013, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp,

Atvinnugreinaflokkur (ISAT):

Selfossi, XX. XXX 20XX

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

XXX,
heilbrigðisfulltrúi